

FW: Reglugerð um stuðning við bætt aðgengi fatlað fólks

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Reglugerð um stuðning við bætt aðgengi fatlað fólks
Málsnúmer : 2020100107
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 28.01.2021 15:39:25
Höfundur : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

[Kynna þetta í bæjarráði.](#)

Kær kveðja,

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Karl Björnsson [mailto:karl.bjornsson@samband.is]

Sent: fimmtudagur, 28. janúar 2021 15:35

To: Karl Björnsson

Subject: Reglugerð um stuðning við bætt aðgengi fatlað fólks

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Í viðspyrnuáætlun sambandsins frá 19. mars 2020 er eftirfarandi hvatning:

„Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útvistarsvæðum.“

Nokkurn tíma hefur tekið að innleiða þetta verkefni m.t.t. stuðnings frá sjóðnum, en nú liggja fyrir drög að breyttri reglugerð um sjóðinn þar sem lagt er til að sett verði ný heildarreglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fellir úr gildi eldri reglugerð nr. 460/2018.

Lagt er til að með nýju reglugerðinni verði Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga veitt heimild á árunum 2021 og 2022 til að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að eftirtöldum verkefnum:

- Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga og byggingum í eigu annarra aðila þar sem um er að ræða samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila.
- Úrbætur þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki svo og útvistarsvæði og almenningsgarðar.
- Úrbætur sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks.

Drögin hafa verið birt í [samráðsgátt stjórnvalda](#). Allir hafa tækifæri til að senda inn umsögn eða ábendingar, en frestur til að skila inn umsögn er til og með 1. febrúar nk.

Ég reikna ekki með að þessi ákvæði um aukinn stuðning við úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks taki miklum breytingum í endanlegri útgáfu reglugerðarinnar svo ég hvet framkvæmdastjóra sveitarfélaga, á grundvelli fyrrgreindrar viðspyrnuáætlunar, til að kanna vel hvort þessi ákvæði reglugerðarinnar um kostnaðarþátttöku geti nýst sveitarfélögum á þessu og á næsta ári. Ef á hinn bóginn einhver hefur áhuga á að gera athugasemdir við drögin þá er enn tækifæri til þess.

Með bestu kveðju,
Karl Bj.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Beint innval: 515 4910
Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.